

BYGGÐARLÖG MEÐ
VIÐVARANDI FÓLKSFÆKKUN

HELSTU NIÐURSTÖÐUR



Byggingastofnun

Júlí 2008

Sigríður K. Þorgrímsdóttir

Haldór V. Kristjánsson

Athugun á stöðu byggðarlaga sem búa við viðvarandi fólksfækkun

Helstu niðurstöður

- Í skýrslunni er fjallað um 22 sveitarfélög, 17 þeirra eru á Vestfjörðum og Norðurlandi, tvö á Austfjörðum, tvö á Suðurlandi og eitt á Vesturlandi.
- Fækkun íbúa í þessum sveitarfélögum var 20,9% á tímabilinu 1991-2006.
- Mest var fækkunin 55,8% í Árneshreppi, því næst voru Kaldrananeshreppur og Vesturbyggð.
- Aldursdreifing er víða skekkt og aldurshóparnir 0-4 ára og 25-39 ára fámennir m.v. landið allt.
- Karlar eru fleiri en konur eins og víðast á landsbyggðinni. Eina undantekningin er Kaldrananeshreppur, þar voru konur fleiri en karlar.
- Útsvarstekjur á íbúa eru undir landsmeðaltali í öllum sveitarfélögum. Þær eru hæstar í Vestmannaeyjabæ en lægstar í Húnavatnshreppi.
- Tekjur af fasteignasköttum á íbúa eru hæstar í Húnavatnshreppi en lægstar í Svalbarðshreppi.
- Framlag frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á íbúa er hæst í Reykhólahreppi en lægst í Vestmannaeyjabæ.
- Tekjur sveitarfélaganna alls á íbúa eru misháar, hæstar í Húnavatnshreppi en lægstar í Svalbarðshreppi.
- Fræðslu- og uppeldismál eru lang fjárfrekasti málaflokkurinn í útgjöldum sveitarfélaganna og kostnaður hærri á íbúa en landsmeðaltal.
- Framlög sveitarfélaganna til félagsþjónustu á íbúa eru hæst í Fjallabyggð en lægst í Árneshreppi.
- Framlög til menningarmála á íbúa eru ekki há hlutfallslega, en Dalabyggð ver mestu til þessa málaflokks.
- Djúpvogshreppur ver mestu til æskulýðs- og íþróttamála á íbúa af sveitarfélögum í úttektinni.
- Heildarfjöldi starfa í sveitarfélögum er 9.363.
- Flest fyrirtæki og störf eru í þjónustu og yfir 41% starfa er í landbúnaði, fiskveiðum og fiskvinnslu.
- Hlutfall starfa í þjónustu og heilbrigðis- og félagsþjónustu er töluvert lægra en hlutfall starfa í þessum greinum í Reykjavík.
- Meðalvegalegd til Reykjavíkur er 420 km, en lengsta fjarlægð frá sveitarfélagi í úttektinni er rúmir 600 km og sú stysta 153 km.
- Meðalvegalegd í næsta stærri þéttbýliskjarna er 142 km, en lengsta vegalegd í úttektinni er rúmlega 300 km og sú stysta er um 14 km. Vestmannaeyjar eru ekki inni í þessum útreikningi, þar sem hann tekur aðeins til landleiðarinnar.
- Flest sveitarfélögin liggja langt utan áhrifasvæðis höfuðborgarinnar.
- Skólasókn 16-20 ára og 21-29 ára er svipuð að meðaltali og í Reykjavík.
- Sem styrkleikar í sveitarfélögum eru m.a. nefnd atriði eins og náttúra, samstaða íbúa, fjölskylduvænt samfélag, fjölgun ferðamanna og góðar samgöngur.
- Veikleikar sem nefndir eru helst, auk neikvæðrar íbúapróunar, eru slæmar samgöngur, einhæft atvinnulíf, lélegar nettengingar og slæm staða frumvinnslugreina.
- Tækifæri til sóknar eru helst talin vera í ferðaþjónustu, að byggja eigi á því sem fyrir er í sjávarútvegi og landbúnaði, en bættar samgöngur og aukin fjölbreytni í atvinnulífi eru taldar forsendur eflingar. Á sumum svæðanna eru hugsanleg atvinnutækifæri tengd stóriðju talin helsta sóknarfærið.